



Til:
Afrit:
Efni:
Upplýsingar:

byggingarfulltrui@dalir.is
ebk@verkis.is
Re: Fw: Árneshreppur
Sent: 05.12.2017 10:52:01 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017090001, Bréfalyklar: 42-0 Ums
almennt

Tilvísun í mál: 2017090001

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósta frá Árneshreppi, dagsettum 31. ágúst sl. og 30. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps og tillögu að deiliskipulagi fyrir Árneshrepp vegna Hvalárvirkjunar. Í síðari tölvupóstinum er bent á að auglýstur umsagnarfrestur var til 16. október sl. og að beðið væri eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar svo hægt væri að afgreiða málið.

Náttúrufræðistofnun biðst velvirðingar á því að stofnunin hefur ekki svarað þessu erindi fyrr en nú. Náttúrufræðistofnun Íslands er lögbundinn umsagnaraðili um deiliskipulag á náttúruverndarsvæðum skv. 68. gr. laga um náttúruvernd en þar segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda." Samkvæmt framangreindu er Náttúrufræðistofnun ekki lögbundinn umsagnaraðili um aðalskipulag sveitarfélaga og hefur stofnunin því miður ekki yfir að ráða mannafla til að rýna tillögur sveitarfélaga að aðalskipulagi. Sama á við ef deiliskipulag er utan náttúruverndarsvæða eða fellur ekki undir framangreinda 61. gr. Stofnunin hefur þó veitt umsagnir í samræmi við hlutverk stofnunarinnar ef ástæða hefur þótt til. Í þessu tilfelli valdi stofnunin að forgangsraða og gefa ekki umsögn um framangreint mál af eftirfarandi ástæðum. Svæðið sem framkvæmdirnar ná til er ekki á náttúruminjaskrá eða innan friðlýsts svæðis. Hluti af svæðinu sem verður fyrir áhrifum vegna Hvalárvirkjunar fellur þó undir 61. gr. laga um náttúruvernd en núverandi skipulagstillögur ná eingöngu til þátta sem snúa að frekari rannsóknum og til að ljúka hönnun virkjunarinnar. Framangreind skipulagsvinna er fyrst og fremst tilkomin vegna Hvalárvirkjunar sem er í nýtingarflokki skv. 2. áfanga „Rammaáætlunar“. Um virkjun Hvalár og um þau svæði sem falla undir 61. gr. hefur auk þess verið fjallað um í mati á umhverfisáhrifum og þar hefur Náttúrufræðistofnun komið að athugasemdum sjá m.a. meðfylgjandi bréf. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar liggur fyrir og gera verður ráð fyrir að ef Árneshreppur heimilar virkjunina þá verði tekið fullt tillit til niðurstaðna Skipulagsstofnunar við skipulagsvinnuna og leyfisveitingar. Þrátt fyrir að Náttúrufræðistofnun hafi ákveðið að gefa ekki umsögn í þessu tilfelli má segja að betur hefði farið á því að stofnunin hefði upplýst Árneshrepp um afstöðu sína ef það hefði komið í veg fyrir tafir á afgreiðslu málsins.

Eftirfarandi athugasemdir eru fyrst og fremst almennar ábendingar með áherslu á náttúrufar og náttúruvernd en tekið skal fram að stofnunin hefur ekki skoðað framlagðar tillögur á vettvangi.

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni verði skoðað hvernig væntanlegt aðalskipulag og deiliskipulag samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra,

1. gr. (*Markmið laganna*) , 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Eins og kemur fram í skipulagsgögnum þá nær aðalskipulagsbreytingin nú og tillaga að deiliskipulagi aðeins til þeirra þátta sem eru nauðsynlegir til að hægt sé að vinna að frekari rannsóknum og lokahönnun virkjunarinnar. Einn af þeim þáttum sem verða fyrir mestum áhrifum er skerðing á víðerni og ásýnd landslags en svæðið er tiltölulega ósnortið. Það er því afar áriðandi að allt sem er framkvæmt á þessu stigi verði afturkræft ef ekki verður af virkjunarframkvæmdum. Þetta á t.d. sérstaklega við um vegi sem hugsanlega á að leggja inn á hálendið.

Náttúrufræðistofnun er ljóst að framangreind viðmið í lögum um náttúruvernd hafa upp að vissu marki verið skoðuð í skipulagsvinnunni hingað til og í mati á umhverfisáhrifum en mikilvægt er að skoða áhrif skipulagsvinnunnar m.t.t allra framangreindra lagagreina eftir því sem við á.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni og afstaða til þess hvaða áhrif skipulagið hefur á náttúru sveitarfélagsins byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf verði leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.



20160817124251837.tif

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 30.11.2017 13:48:21
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Árneshreppur

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 30.11.2017 13:48 -----

From: Byggingarfulltrúinn í Búðardal <byggingarfulltrui@dalir.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Cc: Erla Bryndís Kristjánsdóttir <ebk@verkis.is>
Date: 30.11.2017 13:08
Subject: RE: Árneshreppur

Góðan daginn,

Að neðan er ósk um umsögn vegna breytingar á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi fyrir Árneshrepp. Frestur til að skila inn umsögn var auglýstur til 16. október s.l.

Vinsamlegast skilið inn umsögn sem fyrst. Umsögn ykkar er mikilvæg og afgreiðsla er í bið þar til umsögn berst.

Sé umsögnin í vinnslu er óskað eftir dagsetningu hvenær von sé á henni .

Kær kveðja

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags og byggingafulltrúi
*Dalayggðar, Reykhóla-,
Árnes- og Kaldrananeshrepps.
Miðbraut 11 370 Búðardal Dalabyggð.
S: 430-4700 / 434-7880.*

From: Byggingarfulltrúinn í Búðardal
Sent: 31. ágúst 2017 17:28
To: 'ni@ni.is' <ni@ni.is>
Subject: Árneshreppur

Nátturfræðistofnun Íslands
Urriðaholsstræti 6-8
210 Garðabæ

Skipulags og byggingarfulltrúi Árneshrepps óskar eftir umsögn um tillögu á breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt umhverfisskýrslu, einnig tillögu á deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir Hvalárvirkjun sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar Árneshrepps þann 15.ágúst 2017.

Meðfylgjandi er slóði á gögnin vegna stærðar gagna þ.e Árneshreppur 2017 fyrir

- aðalskipulagsgögn og
- deiliskipulagsgögn

Hér er slóðinn á gögnin.

<https://www.dropbox.com/sh/n28yspx130ms457/AACTiIS8l85nabZMEm1i8XeRa?dl=0>

Vinsamlega staðfestið móttöku á póstinum

Kær kveðja

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags og byggingarfulltrúi
*Dalabyggðar, Reykhóla-,
Árnes- og Kaldrananeshrepps.*
Miðbraut 11 370 Búðardal Dalabyggð.
S: 430-4700 / 434-7880.